

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur innheimtir árlega gjald fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er kr. 4.500.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 16. desember 2003 skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Árnesi, 23. febrúar 2004.

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri.